

Reykjavík 1. desember 2025

Atvinnuvegaráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Umsögn Félags heilbrigðisfulltrúa um mál nr. S-229/2025 í samráðsgátt, Áformaskjöl vegna frumvarps um breytingu á lögum um Matvælastofnun, Fiskistofu o.fl. (sameining stofnana).

FHU gerir athugasemd við að hvorki Félagi heilbrigðisfulltrúa né Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna hafi fengið boð um þátttöku vegna áformanna.

Samkvæmt öðrum áformum stjórnvalda nr. S-160/2025 á að leggja heilbrigðiseftirlit í landinu niður og ríkisvæða það með því að koma hluta þess fyrir inni hjá Matvælastofnun. Áformin gætu því haft bein áhrif á Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna og heilbrigðisfulltrúa í landinu.

FHU gerir athugasemdir við að hlutverk þeirra stofnana, sem áformað er að sameina, virðist gleymast. Óljóst er hvernig sameining mun efla matvælaeftirlit í landinu með hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

FHU hvetur Atvinnuvegaráðuneytið til að endurskoða áformin, horfa meira til hlutverks stofnananna og efna til samráðs við sérfræðinga þeirra.

Virðingarfyllst

f.h. Félags heilbrigðisfulltrúa á Íslandi

Kolbrún Georgsdóttir
Formaður Félags heilbrigðisfulltrúa